



Heildstætt verkefni: Stefnan sett**Tímabil: Vor 2026****Námsmarkmið sem unnið verður með:**

Verkefnið er unnið í þremur skrefum

- Sjálfsþekking og styrkleikar
- Framtíðaráform – Nám, atvinna og fjármál
- Atvinnuumsókn og viðtal – Ferilskrá, kynningarbréf og viðtal

Verkefni:

Verkefnið gengur út á að byggja nemendur upp í það að fara í sviðsett atvinnuviðtal. Áður en nemendur mæta í viðtalið fer fram undirbúningsvinna sem unnin er í gegnum hinar ýmsu námsgreinar eins og ensku, upplýsingatækni, dönsku, náms- og starfsfræðslu, íslensku og stærðfræði. Áherslan í verkefninu er á þætti eins og styrkleika, sjálfsþekkingu og áhugasvið auk þess sem þeir læra um hinar ýmsu námsleiðir, vinnumarkaðinn, launaseðilinn og skatta. Nemendur gera ferilskrá, taka styrkleikakönnun ásamt fleiru. Verkefnið teygir anga sína víða en foreldrar setja sitt mark á verkefnið með kynningum úr atvinnulífinu sem og stuðningi heima við gerð ferilskrár, kynningarbréfs og undirbúning atvinnuviðtala.

Námsefni/kennslugögn:

Ýmis gögn frá kennurum, Skali 3A, Ekko, Stefnan sett

Námsmat

Símat og lokamat.